



Bættur námsárangur á Austurlandi

Vegna **stærðfræðiskimunar** (Talnalykill) í 6. bekk á Austurlandi –
Dagana 2. – 13. október 2017

Til skólastjórnenda, deildarstjóra sérkennslu og viðkomandi umsjónarkennara!

Eins og skólastjórnendur og kennarar vita heldur átakið Bættur námsárangur í leik- og grunnskólum á Austurlandi áfram í vetur, en átakið beinist að því að efla lestur og stærðfræðiþekkingu barna í fjórðungnum. Verkefnið er hugsað sem fimm ára ferli til að bæta námsárangur nemenda á Austurlandi. Áherslan er til að byrja með á læsi og reikniaðgerðirnar fjórar.

Skimun eftir stærðfræðierfiðleikum hjá nemendum í 6. bekk verður lögð fyrir í skólunum í **október**. Kennsluráðgjafar Skólaskrifstofu Austurlands munu sjá um að leggja skimunina fyrir.

Í **stærðfræði** verður skimað eftir erfiðleikum í reikningsaðgerðunum fjórum með fyrirlögn hluta úr prófinu Talnalykill. Talnalykill er greinandi stærðfræðipróf sem gefið er út af Námsmatsstofnun. Það er hópskimun (lögð fyrir alla nemendur í einu), sem tekur u.þ.b. 40 – 60 mínútur. Nemendur sem eru undir 70%, þurfa aukna þjálfun í stærðfræði.

Niðurstöðum skimunarinnar verður skilað til skólastjóra, umsjónarkennara og sérkennara á sérstökum fundi, þar verða einnig ígrundaðar leiðir til að vinna með þá nemendur sem koma illa út úr skimuninni. Í framhaldi af fundinum fá foreldrar/forráðamenn upplýsingar um stöðu barna sinna í reikningsaðgerðunum fjórum.



Gátlisti

Um er að ræða hópskimun og er mjög mikilvægt að stjórnendur og/eða viðkomandi umsjónarkennarar undirbúi heimsókn kennsluráðgjafa vel. Því biðjum við ykkur að hafa í huga eftirfarandi **gátlista**.

- ✓ Dagsetningu heimsókna.
- ✓ Skimunin verður lögð fyrir á sama tíma/dag og LOGOS-skimunin og verður byrjað á því að leggja TALNALKILSSKIMUNINA fyrir.
- ✓ Skólastjórnendur sendi foreldrabréf (varðandi skimunina) tímanlega til foreldra. Bréfin hafa verið send skólastjórnendum en eru einnig inn á heimasíðu Skólaskrifstofunnar.
- ✓ Nafnalisti með **fæðingardegi** nemenda tilbúinn.
- ✓ Ræða við nemendur um mikilvægi þess að mæta í skólann viðkomandi dag.
- ✓ Búið verði að raða borðum „einstaklingslega“ (í heimastofu) daginn áður, svo að skimunin taki sem minnsta tíma.
- ✓ Haft verður samband við skólastjórnendur varðandi tímasetningu skimana..

Með bestu kveðjum,

Björg Þorvaldsdóttir kennsluráðgjafi
Jarprúður Ólafsdóttir kennsluráðgjafi
Skólaskrifstofu Austurlands